



**ORKUSTOFNUN**

Vatnamælingar

# Afkoma nokkurra jöklar á Íslandi 1992-1997

**Oddur Sigurðsson  
Ólafur Jens Sigurðsson**

**Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar**

**1998**

**OS-98082**





# ORKUSTOFNUN

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Lykilsíða

Skýrsla nr.: OS-98082	Dags.: Desember 1998	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokað til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Afkoma nokkurra jöklar á Íslandi 1992-1997		Upplag: 30
		Fjöldi síðna: 36
Höfundar: Oddur Sigurðsson og Ólafur Jens Sigurðsson	Verkefnisstjóri: Oddur Sigurðsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Jöklamælingar, niðurstöður 5 ára	Verknúmer: 7-545925	
Unnið fyrir: Auðlindadeild Orkustofnunar		
Samvinnuaðilar:		
<b>Útdráttur:</b> Hér er greint frá afkomumælingum á Hofsjökli, Þrándarjökli og Eyjabakkajökli mælinga-árin 1992/93, 1993/94, 1994/95, 1995/96 og 1996/97. Síðan mælingar hófust hefur árferði verið mjög breytilegt og í samræmi við það hefur afkoma jöklar sveiflast mikið. Vetrarrafkoman hefur minnst mælst þriðjungi rýrari en það mesta, en mest hefur summarýrnun verið fjórfold það sem minnst hefur mælst. Afkoma Hofsjökuls er allbreytileg eftir svæðum. Mun meira snjóar á hann austan- og sunnanverðan en að vestan og norðan. Þetta endurspeglast í að hjarnmörkin liggja mun neðar og jökuljaðarinn nær um 250 m lengra niður suðaustan á jöklinum en norðanvert. Í viðauka eru töflur og línlurit yfir mælingar á hverjum jöklum fyrir sig hvert mæliár.		
Lykilord: Ísland, jöklar, ákoma, bráðnun, afkoma, hjarnmörk, jökuljaðar	ISBN-númer: ISBN 9979-68-026-1	
Undirskrift verkefnisstjóra: 		
Yfirlarið af: ÁSn		



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 7-545925

**Oddur Sigurðsson  
Ólafur Jens Sigurðsson**

# **Afkoma nokkurra jöklar á Íslandi 1992 - 1997**

**Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar**

**OS-98082**

**Desember 1998**



## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	5
2. HOF SJÖKULL 1992-1993	5
2.1 Vetrarafkoma	5
2.2 Sumarafkoma	5
3. HOF SJÖKULL 1993-1994	7
3.1 Vetrarafkoma	7
3.2 Sumarafkoma	7
4. HOF SJÖKULL 1994-1995	7
4.1 Vetrarafkoma	7
4.2 Sumarafkoma	7
4.3 Framhlaup í Þjórsárfjölli	8
5. HOF SJÖKULL 1995-1996	8
5.1 Vetrarafkoma	8
5.2 Sumarafkoma	9
6. HOF SJÖKULL 1996-1997	9
6.1 Vetrarafkoma	9
6.2 Sumarafkoma	9
7. AUSTURLANDSJÖKLAR	10
7.1 Eyjabakkajökull	10
7.2 Prándarjökull	10
8. JÖKLAR SEM ÚRKOMUMÆLAR	11
9. HEIMILDALISTI	12
VIÐAUKI: Töflur og línurit yfir afkomu einstakra jökla hvert ár	13-35

## TÖFLULISTI

Tafla 1 Samanburður á afkomu nokkurra jökla á Íslandi 1987-1995	12
Tafla V-1 Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1992-1993	13
Tafla V-2 Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1992-1993	14
Tafla V-3 Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1992-1993	15
Tafla V-4 Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1993-1994	16
Tafla V-5 Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1993-1994	17
Tafla V-6 Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1993-1994	18
Tafla V-7 Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1994-1995	19
Tafla V-8 Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1994-1995	20
Tafla V-9 Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1994-1995	21
Tafla V-10 Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1995-1996	22
Tafla V-11 Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1995-1996	23
Tafla V-12 Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1995-1996	24
Tafla V-13 Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1996-1997	25
Tafla V-14 Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1996-1997	26

Tafla V-15	Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1996-1997	27
Tafla V-16	Afkoma Eyjabakkajökuls í Vatnajökli 1992-1993	28
Tafla V-17	Afkoma Eyjabakkajökuls í Vatnajökli 1993-1994	29
Tafla V-18	Afkoma Eyjabakkajökuls í Vatnajökli 1994-1995	30
Tafla V-19	Afkoma Prándarjökuls 1992-1993	31
Tafla V-20	Afkoma Prándarjökuls 1993-1994	32
Tafla V-21	Afkoma Prándarjökuls 1994-1995	33
Tafla V-22	Afkoma Prándarjökuls 1995-1996	34
Tafla V-23	Afkoma Prándarjökuls 1996-1997	35

## MYNDALISTI

Mynd 1	Kort yfir stangakerfi á Hofsjökli	6
Línurit V-1	Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1992-1993	13
Línurit V-2	Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1992-1993	14
Línurit V-3	Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1992-1993	15
Línurit V-4	Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1993-1994	16
Línurit V-5	Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1993-1994	17
Línurit V-6	Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1993-1994	18
Línurit V-7	Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1994-1995	19
Línurit V-8	Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1994-1995	20
Línurit V-9	Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1994-1995	21
Línurit V-10	Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1995-1996	22
Línurit V-11	Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1995-1996	23
Línurit V-12	Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1995-1996	24
Línurit V-13	Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1996-1997	25
Línurit V-14	Afkoma Þjórsárjökuls norðan Arnarfells 1996-1997	26
Línurit V-15	Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1996-1997	27
Línurit V-16	Afkoma Eyjabakkajökuls í Vatnajökli 1992-1993	28
Línurit V-17	Afkoma Eyjabakkajökuls í Vatnajökli 1993-1994	29
Línurit V-18	Afkoma Eyjabakkajökuls í Vatnajökli 1994-1995	30
Línurit V-19	Afkoma Prándarjökuls 1992-1993	31
Línurit V-20	Afkoma Prándarjökuls 1993-1994	32
Línurit V-21	Afkoma Prándarjökuls 1994-1995	33
Línurit V-22	Afkoma Prándarjökuls 1995-1996	34
Línurit V-23	Afkoma Prándarjökuls 1996-1997	35

## 1. INNGANGUR

Árið 1988 var byrjað á afkomumælingum á Hofsjökli á vegum Orkustofnunar (Oddur Sigurðsson 1989, 1991 og 1993). Hér verður gerð grein fyrir þeim afkomumælingum á íslenskum jöklum, sem Orkustofnun hefur staðið fyrir frá hausti 1992 til hausts 1997. Þennan tíma hefur mest verið mælt á Hofsjökli norðanverðum (Sátujökli) þar sem kerfi mælistanga er mun þéttara en á öðrum mældum jöklum og ákoman auk þess mæld á 100-200 stöðum. Mynd 1 sýnir stangakerfi sem stuðst er við í afkomumælingunum á Hofsjökli. Einnig var afkoma mæld á Prándarjökli og Eyjabakkajökli. Í viðauka eru töflur og línurit yfir mælingar á hverjum jöklum fyrir sig hvert ár.

## 2. HOFSJÖKULL 1992-1993

Farnar voru fjórar ferðir að venju til afkomumælinga og viðhalds á stangakerfi. Við vetrarheimsokn í janúarlok 1993 fundust 4 stengur uppistandandi. Þær voru allar neðan 1300 m y.s. og á norðanverðum jöklinum. Aðrar voru horfnar á kaf eða fallnar. Nýjar stengur voru reistar ofan hjarnmarka í stað þeirra sem þar voru týndar, 8 alls. Allar þessar 8 stengur voru horfnar aftur tæpum fjórum mánuðum seinna.

### 2.1 Vetrarrafkoma


Vormæling stóð dagana 11.-21. maí. Veður þessa daga var einstaklega óhagstætt einkum vegna veðurhæðar. Lætur nærrí að vindhraði hafi ekki farið niður fyrir 5 stig en oftast var hann mun meiri. Einungis fundust 5 stengur á öllum jöklinum og voru því afföll á stöngum óvenju mikil. Tuttugu og fimm nýjar stengur voru reistar. Snjóalög á Sátujökli voru kortlögð með því að þreifa með járnstöng niður á ís neðan við hjarnmörk og bora niður á skil í snjónum frá síðasta hausti ofan hjarnmarka. Snjóþykktin var umreknuð í vatnsgildi út frá mældri rúmþyngd og þannig fengin heildarákoma innan ísaskila á þeim hluta jöklusins sem er á vatnasviði Vestari-Jökulsár í Skagafirði. Þetta árið mældist meðalrúmþyngd í 1000 m y.s. á Sátujökli  $0,56 \text{ g/cm}^3$  sem er mikið enda snjórinn mjög blautur og vatnsborð neðst í gryfjunni. Í 1360 m y.s. var meðalrúmþyngd  $0,52 \text{ g/cm}^3$  og  $0,50 \text{ g/cm}^3$  efst á jöklinum í um 1790 m y.s.

Snjórinn leggur sig svipað ár eftir ár. Í hvilftinni við jökuljaðar safnast alltaf skafl og á Lambahrauni hefur hann ekki bráðnað allur síðan 1982 eða í meira en áratug. Mun minni snjór er að jafnaði á leysingasvæðinu vestanverðu (þ.e. næst upptakakvíslum Blöndu) en á austurhluta Sátujökuls. Dalverpi sem gengur til suð-suðvesturs frá 1100 m y.s. við HN 1200 er snjóasælt en snjó skefur af brúninni austan við það. Úthlíðar öskjunnar í kolli Hofsjökuls eru öldóttar og mælist hlutfallslega minni snjór á hryggjunum en milli þeirra. Þar sem svo fáar mælingar eru á jöklinum ofan við 1500 m y.s. er ekki teiknað kort yfir snjóalög þar heldur fundin jafnaðarauknинг á snjó með hæð og þær tölur látnar gilda í vetrarrafkomumælingunni.

Vetrarrafkoma var einnig mæld á sniðum upp eftir Þjórsárjökli og Blágnípujökli. Þótt þar sé aðeins um snið að ræða kemur skyrt fram munur á vetrarrafkomu þessara hluta jöklusins og Sátujökuls (sjá töflur og línurit 1, 2 og 3 í viðauka). Meðalrúmþyngd í vetrarsnjónum í 900 m y.s. á Þjórsárjökli mældist  $0,53 \text{ g/cm}^3$  en  $0,48 \text{ g/cm}^3$  í 1170 m y.s. á Blágnípujökli.

### 2.2 Sumarrafkoma

Farið var á Hofsjökul til sumareftirlits dagana 13.-16. júlí 1993. Þá hafði hvergi bráðnað allur vetrarsnjór af jöklinum við mælingastengur nema í 700 m y.s. á Þjórsárjökli.



Mynd 1. Kort yfir stengur á Hofsjökli 1996.

Staður hverrar stangar er merktur með þríhyrningi í miðju heiti hennar.

Jafnhæðarlínur og lega ísaskila eru samkvæmt mælingum Raunvísindastofnunar Háskólags  
(Helgi Björnsson 1988).

Haustferð á jökulinn stóð dagana 14.-18. september 1993.

Jafnvægislínan var í 1170 m y.s. á Sátujökli haustið 1993. Á Blágnípujökli var hún í 1230 m y.s., en einungis í 1030 m y.s. á Þjórsárjökli (sjá töflur og línurit 1, 2 og 3 í viðauka).

### 3. HOFSJÖKULL 1993-1994

#### 3.1 Vetrarafkoma

Stanga var vitjað 15.-21. febrúar 1994. Þá fundust stengur á 10 stöðum og aðrar 12 voru reistar í stað þeirra sem komnar voru á kaf. Í þessari ferð kom í ljós að mikið hafði bráðnað af jöklinum eftir haustvitjun og náði sú aukaleysing upp í 1200-1300 m y.s.

Vorferð stóð dagana 11.-18. maí. Snjóþykkt var kortlögð neðan við 1400 m y.s. á Sátujökli. Allar snjóþykktartölur voru margfaldaðar með viðeigandi eðlisþyngd sem var mæld í 1000 m y.s. ( $0,49 \text{ g/cm}^3$ ) og 1790 m y.s. ( $0,48 \text{ g/cm}^3$ ). Vetrarafkoman á Þjórsárjökli og Blágnípujökli var mæld á einföldum sniðum eins og áður.

Á Þjórsárjökli mældist meðalrúmþyngd  $0,48 \text{ g/cm}^3$  í 900 m y.s. en á Blágnípujökli í 1300 m y.s.  $0,46 \text{ g/cm}^3$ .

Við GPS-mælingar á jaðri Sátujökuls 1995 kom í ljós misrämi við stafræn kort Raunvínsinda-stofnunar Háskólans (gerð eftir mælingum 1983) sem notuð hafa verið. Þangað má rekja þann mismun á flatarmáli sem kemur fram milli 1993 og 1994 í töflu 1. Jökullinn mælist nú um  $5 \text{ km}^2$  minni en 1983.

#### 3.2 Sumarafkoma

Stanga var vitjað 7.-10. júlí og fundust þær allar. Eitthvað var eftir af vetrarsnjó á Sátujökli við allar stengur og sömuleiðis á Blágnípujökli. Á Þjórsárjökli var vetrarsnjór hvergi allur farinn nema við stöng í 700 m y.s. og neðar og jökulís aðeins farinn að bráðna þar.

Haustmæling fór fram 15.-21. september. Snælínan var komin upp í 1250 m y.s. á Sátujökli þ.e.a.s. rétt um hjarnmörk á jöklinum. Á Blágnípujökli hafði allur vetrarsnjór náð að bráðna fyrir neðan 1300 m y.s. en rétt upp fyrir 1150 m y.s. á Þjórsárjökli.

### 4. HOFSJÖKULL 1994-1995

#### 4.1 Vetrarafkoma

Stanga var vitjað dagana 16. febrúar til 22. febrúar 1995. Fundust samtals 12 stengur sem eru mjög góðar heimtur. Nýjar stengur voru reistar á 8 stöðum ofan hjarnmarka.

Afkoma vetrarins var mæld dagana 17.-22. maí 1995 (sjá töflur og línum 7, 8 og 9 í viðauka). Reyndist hún í minna meðallagi á Sátujökli en ekki hefur vetrarafkoma mælst jafn léleg áður á Þjórsárjökli og Blágnípujökli.

Neðstu tvær stengurnar á Þjórsárjökli, HSA 700 og HSA 900, voru óaðgengilegar vegna gangs í jöklinum (sjá síðar). Þess vegna voru settar stengur í 800 m y.s. og 1000 m y.s. norðan við framhlaupshlutann af jöklinum og kallaðar HSA 800 og HSA 1000.

Meðalrúmþyngd snævar á Sátujökli var  $0,52 \text{ g/cm}^3$  í 1000 m y.s.,  $0,50 \text{ g/cm}^3$  í 1390 m y.s. og  $0,49 \text{ g/cm}^3$  í 1790 m y.s. Snjór var veginn í 1000 m y.s. á Þjórsárjökli og mældist meðalrúmþyngd  $0,51 \text{ g/cm}^3$  en  $0,49 \text{ g/cm}^3$  1300 m y.s. á Blágnípujökli.

#### 4.2 Sumarafkoma

Þetta ár varð leysing mikil svo aðeins einu sinni áður hefur hún verið mæld meiri, en það var 1991.

Sumarafkoman var mæld dagana 15.-19. september. Hvergi á jöklinum var nýsnævi að finna í þessari ferð og er það mjög óvanalegt á þessum tíma árs. Nú mældist rýrnun mest á Þjórsárjökli hefur hann ekki áður haft vinninginn yfir Blágnípujökul.

Sumar- og vetrarafkoman við hverja stöng var færð á línurit og einnig vetrarafkoman í línu frá jökulsporði upp í um 1200 m y.s. Besta lína var dregin eftir auganu í gegn um vetrarafkomu punktana en þó litið fram hjá afkomu í HSA 1300 þar sem hún er afbrigðileg. Einig var kastað út leysingarmælingu á bambusstöngum í HSA 1300 og HSA 1500 þar sem bambusstengur án undirstöðu sígi niður í snjóinn á sumrin til muna meira en álstengur á tréfæti (Oddur Sigurðsson 1995). Telja má víst að allar stengur sígi eitthvað niður í jökulinn en álstengur virðast bíta sig fastar í snjó og hjarn og eru því mun stöðugri en bambusstengur. Ferill sumarafkomu er dreginn í gegnum punkta sem mæling við stengurnar gefur nema í HSA 1300, sem var sleppt, enda er hún afbrigðileg eins og að ofan getur. Aflestur af þessum tveim línum er notaður til að reikna afkomu Þjórsárjökuls frá Arnarfelli hinu litla að Klakki sunnan Miklafells.

### 4.3 Framhlaup í Þjórsárjökli

Þjórsárjökull virðist vera samsettur úr þrem nokkurn veginn jafnbreiðum tungum og verða skiptin um tvö vik í jökuljaðarinn. Syðsti þriðjungur jaðarsins gekk fram um 200-300 m snemma vetrar 1991-1992. Þessi gangur í jöklinum virtist aðeins taka til leysingarsvæðisins eða neðan við 1100 m y.s.

Síðla sumars 1994 kom gangur í miðhluta Þjórsárjökuls neðanverðan. Þann 8. júlí var greið-fært þar um á vélsleðum niður á jökuljaðar, en 17. september var jökkullinn gersamlega ófær öllum tækjum jafnt sem gangandi mönnum neðan við 1000 m y.s. Samkvæmt athugun á loftmyndum fyrir og eftir framganginn hefur jaðar jöklusins færst fram um 200-300 m. Kemur það heim og saman við að stöngin HSA7.94.5 færðist um 180 m til SA milli 8. júlí 1994 og 22. febrúar 1995 samkvæmt GPS-mælingu. Á sama hátt mældist 120 m færsla til SA á stönginni frá 22. febrúar 1995 til 20. maí 1995 eða samtals um 300 m. Jafnframt hækkaði yfirborð jöklusins við stöngina um eina 30 m á tímabilinu. Ekki varð komist að stöng HSA9 á tímabilinu til að mæla færslu á henni. Stöng HSA11 færðist tvöfalt lengra frá september 1994 til september 1995 en sama tímabil árið áður.

Stanganna var vitjað 30. september og 1. október 1994 á þyrrlu. Þá kom í ljós að brött alda var að ganga fram á jaðarinn, er var farinn að brotna mjög næst vikunum sem afmarka miðtunguna. Kvíslin sem rennur út úr nyrðra vikingu var þá orðin mjög gruggug en sérstaklega gruggugt vatn kom ekki annars staðar undan jöklinum.

Við þennan framgang jókst flatarmál Þjórsárjökuls um rúmlega 1 km<sup>2</sup>.

## 5. HOFSJÖKULL 1995-1996

### 5.1 Vetrarafkoma

Í sparnaðarskyni var nú í fyrsta sinn frá upphafi mælinganna felld niður vetrarferð. Stanga var vitjað 8.-15. maí. Fundust stengur á 9 stöðum, allar neðarlega á norðanverðum jöklinum nema ein neðst á Þjórsárjökli.

Afkoma vetrarins reyndist rýr á Sátujökli og Blágnípujökli. Á Þjórsárjökli var vetrarafkoman 12% minni en hún hefur minnst mælst áður (sjá töflur og línurit 10, 11 og 12 í viðauka).

Meðalrúmþyngd snævar á Sátujökli var 0,65 g/cm<sup>3</sup> í 1000 m y.s., enda snjór orðin blautur þar. Í 1350 m y.s. vógg snjórinn 0,56 g/cm<sup>3</sup> og 0,54 g/cm<sup>3</sup> uppi á toppi í 1790 m y.s. Snjór var veginn í

1020 m y.s. á Þjórsárjökli og mældist meðalrúmþyngd  $0,60 \text{ g/cm}^3$  en  $0,57 \text{ g/cm}^3$  1280 m y.s. á Blágnípujökli.

Nýr snjóbor af Pico gerð reyndist mjög vel og kom það sér vel þar sem vetrarferð féll niður og því allar borholur mun dýpri en ella hefði verið.

## 5.2 Sumarafkoma

Sumarafkoman var mæld dagana 2.-4. október. Nýsnævi var yfir allan jökulinn, mest um 70 cm uppi á toppi. Víðast mátti sjá á nokkurra cm dýpi í snjónum blakkt lag sem var öskufall frá eldgosinu í Vatnajökli er braust upp úr jöklinum að morgni 2. október. Meðalrúmþyngdin af snjónum á toppi jöklusins, sem var 578 cm þykkur fyrir ofan hausthvörf 1995, mældist  $0,56 \text{ g/cm}^3$ . Mestur hluti hans var þó á bilinu  $0,58\text{-}0,63 \text{ g/cm}^3$ .

Þrátt fyrir drjúgt nýsnævi fyrir haustvitjun rýrnaði Hofsjökull allur þatta sumar meir en nokkru sinni síðan 1991. Afkoma ársins var meira en 1 metri í mínuðum á Þjórsárjökli og Blágnípujökli en tæplega einn metri í mínuðum á Sátujökli. Er þetta lélegasta afkoma jöklusins í heild síðan 1988 að árinu 1990/1991 undanskildu.

Sama háttur var hafður á úrvinnslu gagna eins og lýst er í kaflanum um afkomuna frá fyrra ári. Fáeinir bambusstengur voru notaðar í ár en nú skrúfaðar á fót sem var krossviðarhringur til samanburðar við álstengur. Þetta reyndist mun betur en óvarðar bambusstengur en þó ekki áreið-anlegt og framvegis verða bambusstengur ekki notaðar til þessara mælinga.

## 6. HOFSJÖKULL 1996-1997

### 6.1 Vetrarafkoma

Ekki var farið í vetrarferð 1997 frekar en árið áður. Stanga var vitjað 16.-21. maí. Fundust stengur á 7 stöðum á Sátujökli alveg upp í 1600 m y.s. Snjór var sjó en þar var ein stöng sett til prifu í fyrra. Virðist hún vera þar í vindstreng þótt í lægð sé, þannig að af skefur.

Í stuttu máli sagt var þetta langrýrasti snjóaveturinn sem komið hefur síðan mælingar hófust 1988 bæði á Sátujökli og Þjórsárjökli. Á Blágnípujökli var hann í rýrara lagi (sjá töflur og línurit 13, 14 og 15 í viðauka).

Meðalrúmþyngd snævar á Sátujökli var  $0,54 \text{ g/cm}^3$  í 1000 m y.s. Í 1350 m y.s. vógr snjórinn  $0,47 \text{ g/cm}^3$  og  $0,46 \text{ g/cm}^3$  uppi á toppi í 1790 m y.s. Snjór var veginn á þremur stöðum á Þjórsárjökli. Í 1020 m y.s. mældist meðalrúmþyngd  $0,52 \text{ g/cm}^3$ , það sama í 1240 m y.s. og  $0,48 \text{ g/cm}^3$  í 1700 m y.s., en  $0,47 \text{ g/cm}^3$  í 1270 m y.s. á Blágnípujökli.

### 6.2 Sumarafkoma

Sumarafkoman var mæld dagana 25.-27. september á Sátu- og Blágnípujökli. Vegna bilunar á farartækjum varð ekki komist á Þjórsárjökul í ferðinni en í þess stað var farið upp að 3 neðstu stikunum þar þann 22. október 1997. Nýsnævi í september var einungis efst á jöklinum að sunnan og austan, mest um 30 cm. Meðalrúmþyngdin af snjónum á toppi jöklusins, sem var 435 cm þykkur fyrir ofan hausthvörf 1996 (sem þekktust vel á blökkum lagt frá gosinu í Vatnajökli), reyndist  $0,57 \text{ g/cm}^3$ . Mestur hluti hans var þó á bilinu  $0,58\text{-}0,62 \text{ g/cm}^3$ . Á Þjórsárjökli var kominn 15-25 cm snjór þann 22. október. Í útreikningum á afkomumælingunni var litið fram hjá nýsnævinu og miðað við tímann sem tók fyrir leysingu á yfirborði jöklusins þar áður en byrjaði að snjóa. Það hefur verið á fyrri helmingi októbermánaðar.

Sumarafkoman var í heild svipuð og árið áður og heildarafkoma ársins var meira en 1 metri í mínum yfir allan jökulinn annað árið í röð. Verði framhald á þessu fer þess fljótt að gæta við jaðrana.

## 7. AUSTURLANDSJÖKLAR

### 7.1 Eyjabakkajökull

Vetrarafkoma var mæld á Prándarjökli og Eyjabakkajökli 28. apríl til 1. maí 1993.

Stengur voru settar upp eftir miðjum jöklum í 800, 950, 1100, 1200 og 1300 m y.s., sú efsta við ísaskil milli Eyjabakkajökuls og Hoffellsjökuls. Auk þess voru settar stengur í 1050 og 1200 m y.s. í austur armi jökulsins í dalnum sem liggur suðaustur í átt að Grendli og hefur verið nefndur Hnjúkadalar. Eyjabakkajökull er framhlaupsjökull og trúlega eru báðir armar hans því marki brenndir og þá hleypur hvor um sig fram með ákveðnu, mismunandi árabili. Síðast var gangur í jöklinum 1972-1973 og er viðbúið að hreyfing komist á hann aftur í kring um aldamótin (Oddur Sigurðsson 1996 og 1998).

Nýsnævi á Eyjabakkajökli að hausti 1992, sem kemur til frádráttar á vetrarafkomu 1992-1993, var einungis mælt neðan við 950 m y.s. Þar fyrir ofan er þessi snjór áætlaður. Tölur um afkomu ofan 1300 m y.s. eru áætlaðar. Þar verður að gera ráð fyrir allt að 20% óvissu í vetrarafkomu en sumarafkoma er nærrí lagi. Sömuleiðis eru tölurnar neðan 800 m y.s. áætlaðar en óvissa þar er ekki meiri 10%. Rúmþyngd vetrarákomu mældist  $0,50 \text{ g/cm}^3$  í 1200 m y.s. á jöklinum en  $0,57 \text{ g/cm}^3$  í 800 m y.s. Úrkoma á Akurnesi (Hjarðarnesi 1992) október 1992 til apríl 1993 var 1.005 mm, en maí 1993 til september 1993 var hún 527 mm. Vetrarafkoma október 1992 til apríl 1993 í EB 1300 var 2.970 mm og þá var giskað á að 320 mm úrkoma hefði fallið sem snjór áður en mælt var um haustið 1992. Með því að gera ráð fyrir sömu hlutföllum milli úrkomu sumars og vetrar á ísaskilum milli Hoffellsjökuls og Eyjabakkajökuls og á Akurnesi þá hefur hún numið 1.560 mm frá maí til september 1993. Ársúrkoma nam því rúmlega 4.500 mm efst á Eyjabakkajökli október 1992 til september 1993.

Haustmæling á neðstu stönginni sýndi óeðlilega litla leysingu miðað við aðra staði á jöklinum. Er því rétt að segja að óvissan í sumarafkomu neðan við 900 m y.s. sé um 20%. Rúmþyngd vetrarákomu mældist  $0,46 \text{ g/cm}^3$  í 800 m y.s. en  $0,48 \text{ g/cm}^3$  í 1200 m y.s.

Vorið 1994 mældist rúmþyngd vetrarákomu í 800 m y.s.  $0,49 \text{ g/cm}^3$  en  $0,46 \text{ g/cm}^3$  í 1200 m y.s. Vetrarafkoma í EB 1300 var 3.360 mm. Ársúrkoma við EB 1300 reiknaðist vera um 4.840 mm.

Vetrarafkoma 1994/95 á ísaskilum milli Eyjabakkajökuls og Hoffellsjökuls í 1300 m y.s. var 2.130 mm. Ársúrkoma þar reiknaðist hafa verið um 3.300 mm sem er það minnsta sem mælst hefur síðan afkomumælingar hófust 1991.

Arið 1996 tóku Landsvirkjun og Raunvísindastofnun Háskólags við afkomumælingum á Eyjabakkajökli.

### 7.2 Prándarjökull

Fimm stengur voru settar upp í norður-suður línu eftir jöklinum og ákoma auk þess mæld á 70-80 stöðum með því að þreifa eftir hausthvörfum en það gefur oftast skýra niðurstöðu á Prándarjökli öllum þar sem hann nær einungis upp í 1240 m y.s. Rúmþyngd vetrarákomu mældist  $0,49 \text{ g/cm}^3$  efst á jöklinum vorið 1993.

Úrkoma á Teigarhorni október 1992 til apríl 1993 var 925 mm, en maí 1993 til september 1993 478 mm. Vetrarafkoma október 1992 til apríl 1993 á Prándarjökli var 2.140 mm. Með því að gera ráð fyrir sömu hlutföllum milli úrkomu sumars og vetrar á jöklinum og á Teigarhorni hefur hún numið 1.107 mm frá maí til september 1993 á jöklinum. Ársúrkoma nam því um 3.250 mm á Prándarjökli október 1992 til september 1993.

Vorið 1994 mældist rúmþyngd vetrarákomu  $0,48 \text{ g/cm}^3$  efst á jöklinum. Ársúrkoma reiknaðist um 3.540 mm á Prándarjökli frá október 1993 til september 1994.

Rúmþyngd vetrarákomu 1994/95 mældist  $0,46 \text{ g/cm}^3$  efst á jöklinum. Ársúrkoma nam um 1.980 mm á Prándarjökli frá október 1994 til september 1995.

EKKI fundust stengur í TN 900 né nýjustu stengur í TS 1030 haustið 1995 og er því nokkur óvissa um leysinguna neðan til á jöklinum.

Rúmþyngd vetrarákomu 1995/96 mældist  $0,51 \text{ g/cm}^3$  efst á jöklinum. Ársúrkoma nam um 3560 mm á Prándarjökli frá október 1995 til september 1996 miðað við mælda vetrarákomu úrkomumælingar á Teigarhorni.

Rúmþyngd vetrarákomu 1996/97 mældist  $0,49 \text{ g/cm}^3$  efst á jöklinum. Ársúrkoma nam um 2110 mm á Prándarjökli frá október 1996 til september 1997 miðað við mælda vetrarákomu úrkomumælingar á Teigarhorni.

Eftir að Vatnamælingar Orkustofnunar hættu að sjá um afkomumælingar á Eyjabakkajökli 1996 hefur reynst hlutfallslega mun dýrara að annast mælingarnar á Prándarjökli. Haustvitjun hefur oft dregist úr hömlu þar sem bíða þurfti eftir að ferð félli til annarra mælinga á svæðinu og þá ekki víst að hentaði að fara á jökulinn. EKKI hefur fengist fé til mælinganna þrátt fyrir umleitun en brýnt er að mælingar á Prándarjökli falli ekki niður. Það væri bagalegt því að jökulinn er um margt sérstakur í vatnafari svæðisins og gefur trauststu upplýsingarnar um úrkomu á Hraunum.

## 8. JÖKLAR SEM ÚRKOMUMÆLAR

Í viðauka eru birtar töflur yfir afkomu jöklanna hvert ár. Þar er gefið flatarmál jöklus á hverju hæðarbili og vetrarafkoma, sumarafkoma og ársafkoma á sama hæðarbili. Í milli er skotið afkomu við nokkrar stengur til samanburðar og sést af þeim hvernig afkomunni þar ber saman við meðalafkomuna á hæðarbilinu.

Líta má á vetrarafkomu á hverju hæðarbili nokkurn veginn sem jafngildi úrkomu vetrarins í þeirri hæð yfir sjó. Við einstöku stangir kann ákoman að víkja nokkuð frá réttu úrkomugildi hafi snjó skafið af staðnum eða á hann safnast. Pennan mismun má jafna nokkuð út með því að draga meðalgildis línu á móti hæð yfir sjó (sjá línurit í viðauka). Á nokkrum stöðum eru áhrifum vinds á dreifingu ákomunnar greinileg. Einkum er það áberandi í kverkinni neðst á Sátujökli þar sem alltaf safnast snjór og bungunni þar rétt fyrir ofan (í 1000-1100 m y.s.) sem alltaf skefur nokkuð af. Yfirleitt flyst ekki verulegt magn af snjó meira en 1-2 km, því venjulega sest hann í einhverja gildru (lægð) á langri leið. Áhrif vinds eru sérstaklega áberandi á Prándarjökli þar sem hann er með jöfnu bungulagi og einungis fáir kílómetrar í þvermál. Skefur því af hábungunni en sest í kverkar við jaðarinn allt í kring um jökulinn. Kemur þetta vel fram á línuritum þar sem ákoman er næri halllaus lína (sjá línurit nr. 21 og 22 í viðauka).

Á hábungu Hofsjökuls er leysing lítil í sumum árum. Ef vetrarákoman hefur verið mikil, nær vatnið, sem myndast við bráðnun, og rigning, sem fellur á jökulinn, ekki að komast í gegn um snjóalög vetrins. Í slíkum árum er ársafkoman efst á jöklinum næri því að vera jöfn ársúrkomunni.

## 9. HEIMILDALISTI

Helgi Björnsson 1988: Hydrology of Ice Caps in Volcanic Regions. Vísindafélag Íslendinga, Rit XLV, 139 s.

Oddur Sigurðsson 1989: Afkoma Hofsjökuls 1987-1988. Orkustofnun, OS-91005/VOD-02 B, 10 s.

Oddur Sigurðsson 1991: Afkoma Hofsjökuls 1988-1989. Orkustofnun, OS-91052/VOD-08 B, 19 s.

Oddur Sigurðsson 1993. Afkoma nokkurra jöklar á Íslandi 1989-1992. Orkustofnun, OS-93032/VOD-02 október 1993, 26 s.

Oddur Sigurðsson 1995. Greinargerð um skekkjur í afkomumælingum með bambusstöngum. OSig/95-01. 1995-12-13. 2 s.

Oddur Sigurðsson 1996. Framhlaup Eyjabakkajökuls. GRG OSig-96/01.

Oddur Sigurðsson 1998. Eyjabakkajökull. Glettingur. Tímarit um austfirska málefni. Snæfellsblað. **17-18**, 8. árg., 2.-3. tbl., 56-58.

**Tafla 1.** Samanburður á afkomu nokkurra jöklra á Íslandi 1987-1997


Vatnsvið	Ár	Flatarmál km <sup>2</sup>	Vetrarafkoma 10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m	Sumarafkoma 10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m	Ársafkoma 10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m
HOFSJÖKULL								
Vestari-Jökulsá	1987-1988	90,6	119	1,31	-206	-2,27	-87	-0,96
Vestari-Jökulsá	1988-1989	90,6	157	1,74	-112	-1,24	45	0,50
Vestari-Jökulsá	1989-1990	90,6	132	1,45	-186	-2,05	-54	-0,60
Vestari-Jökulsá	1990-1991	90,6	176	1,94	-304	-3,35	-128	-1,41
Vestari-Jökulsá	1991-1992	90,6	170	1,87	-74	-0,81	96	1,06
Vestari-Jökulsá	1992-1993	90,6	153	1,69	-86	-0,94	68	0,75
Vestari-Jökulsá	1993-1994	85,4	133	1,56	-127	-1,49	6	0,07
Vestari-Jökulsá	1994-1995	85,4	147	1,72	-196	-2,30	-49	-0,58
Vestari-Jökulsá	1995-1996	85,4	136	1,60	-203	-2,37	-75	-0,78
Vestari-Jökulsá	1996-1997	85,4	97	1,13	-187	-2,18	-90	-1,05
samt. 1987/88-1996/97							-268	-2,83
Pjórsá N Arnarfells	1988-1989	248,8	553	2,22	-304	-1,22	249	1,00
Pjórsá N Arnarfells	1989-1990	248,8	436	1,75	-408	-1,64	27	0,11
Pjórsá N Arnarfells	1990-1991	248,8	519	2,09	-766	-3,08	-247	-0,99
Pjórsá N Arnarfells	1991-1992	248,8	645	2,59	-243	-0,98	402	1,61
Pjórsá N Arnarfells	1992-1993	248,8	550	2,21	-358	-1,44	192	0,77
Pjórsá N Arnarfells	1993-1994	250,8	410	1,63	-459	-1,83	-49	-0,20
Pjórsá N Arnarfells	1994-1995	252,0	438	1,74	-640	-2,54	-202	-0,80
Pjórsá N Arnarfells	1995-1996	252,0	385	1,53	-681	-2,70	-296	-1,17
Pjórsá N Arnarfells	1996-1997	252,0	365	1,45	-654	-2,60	-290	-1,15
samt. 1988/89-1997							-214	-0,45
Jökulfall	1988-1989	51,3	89	1,73	-66	-1,28	23	0,45
Jökulfall	1989-1990	51,3	69	1,35	-104	-2,02	-35	-0,68
Jökulfall	1990-1991	51,3	89	1,73	-164	-3,21	-76	-1,49
Jökulfall	1991-1992	51,3	101	1,96	-66	-1,28	35	0,68
Jökulfall	1992-1993	51,3	92	1,80	-89	-1,73	3	0,07
Jökulfall	1993-1994	51,3	65	1,26	-110	-2,14	-45	-0,87
Jökulfall	1994-1995	51,3	68	1,33	-128	-2,49	-60	-1,17
Jökulfall	1995-1996	51,3	81	1,57	-144	-2,80	-63	-1,23
Jökulfall	1996-1997	51,3	77	1,50	-149	-2,91	-73	-1,42
samt. 1988/89-1997							-291	-5,45
ÞRÁNDARJÖKULL								
Hamarsá, Geithellna á	1990-1991	19,4	44	2,25	-63	-3,24	-19	-0,99
Hamarsá, Geithellna á	1991-1992	19,4	44	2,27	-36	-1,88	8	0,39
Hamarsá, Geithellna á	1992-1993	19,4	42	2,14	-28	-1,43	14	0,72
Hamarsá, Geithellna á	1993-1994	19,4	43	2,24	-36	-1,84	8	0,40
Hamarsá, Geithellna á	1994-1995	19,4	27	1,41	-47	-2,41	-19	-0,99
Hamarsá, Geithellna á	1995-1996	19,4	45	2,35	-54	-2,81	-9	-0,45
Hamarsá, Geithellna á	1996-1997	19,4	26	1,36	-	-	-	-
samt. 1990/91-1995/96							-17	-1,06
EYJABAKKAJÖKULL								
Jökulsá í Fljótsdal	1990-1991	107,9	246	2,28	-344	-3,19	-93	-0,90
Jökulsá í Fljótsdal	1991-1992	107,9	227	2,11	-223	-2,07	5	0,04
Jökulsá í Fljótsdal	1992-1993	107,9	223	2,07	-144	-1,33	80	0,74
Jökulsá í Fljótsdal	1993-1994	107,9	248	2,30	-198	-1,83	50	0,46
Jökulsá í Fljótsdal	1994-1995	107,9	190	1,76	-236	-2,18	-46	-0,42
Jökulsá í Fljótsdal	1995-1996	107,9	283	2,38	-384	-3,23	-101	-0,85
samt. 1990/91-1995/96							-105	-0,93

# VIÐAUKI

Tafla V-1

Afkoma Sátujökuls í Hofsjökli 1992-1993

Jökull HOFSJÖKULL		Vatnsvið Vestari-Jökulsá						Unnið af Oddi		
Hæðarbil m.y.s.	Flatarmál km <sup>2</sup>	Vetrarafkoma			Sumarafkoma			Ársafkoma		
		10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m	l/s/km <sup>2</sup>	10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m	l/s/km <sup>2</sup>	10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m	l/s/km <sup>2</sup>
1790			3,08		0,61			3,69		
1700-1800	4,7	14,3	3,05	96	2,6	0,55	17	16,9	3,60	114
1690			2,20		0,49			2,69		
1600-1700	2,7	6,4	2,38	75	1,1	0,40	13	7,5	2,78	88
1590			2,81		0,29			3,10		
1500-1600	8,1	19,3	2,38	75	1,2	0,15	5	20,5	2,53	80
1450			3,12		-0,13			2,99		
1400-1500	11,3	25,0	2,21	70	-1,6	-0,14	-4	23,4	2,07	65
1360			1,26		-0,53			0,73		
1300-1400	11,8	16,9	1,43	45	-5,9	-0,50	-16	11,0	0,93	29
1260			0,95		-0,89			0,06		
1200-1300	14,0	20,0	1,43	45	-12,6	-0,90	-28	7,4	0,53	17
1180			1,08		-1,23			-0,15		
1100-1200	15,1	17,8	1,18	37	-20,4	-1,35	-43	-2,6	-0,17	-5
1080			0,35		-1,92			-1,57		
1000-1100	11,2	10,9	0,97	31	-22,2	-1,98	-63	-11,3	-1,01	-32
990			1,17		-2,11			-0,94		
900-1000	8,8	15,8	1,80	57	-20,3	-2,31	-73	-4,5	-0,51	-16
900			1,99		-2,42			-0,43		
860-900	2,9	6,6	2,29	72	-7,4	-2,55	-81	-0,8	-0,26	-8
860-1800	90,6	153,1	1,69	53	-85,5	-0,94	-30	67,6	0,75	24




Mynd V-1. Línurit yfir afkomu Sátujökuls í Hofsjökli 1992-1993.

Tafla V-2

Afkoma Þjórsárjökuls í Hofsjökli 1992-1993

Jökull HOFSJÖKULL			Vatnsvið Þjórsá			Unnið af Oddi		
----------------------	--	--	--------------------	--	--	------------------	--	--

Hæðarbil m.y.s.	Flatarmál km <sup>2</sup>	Vetrarafkoma			Sumarafkoma			Ársafkoma		
		10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m	l/s/km <sup>2</sup>	10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m	l/s/km <sup>2</sup>	10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>	m	l/s/km <sup>2</sup>
1790		3,08			0,61			3,69		
1700-1800	6,1	18,4	3,02	96	3,0	0,49	15	21,4	3,51	111
1700		2,82			0,35			3,17		
1600-1700	6,8	19,8	2,91	92	2,3	0,34	11	22,1	3,25	103
1615		1,91			0,33			2,24		
1500-1600	20,6	56,7	2,75	87	3,5	0,17	5	60,2	2,92	92
1460		3,05			-0,05			3,00		
1400-1500	35,5	93,7	2,64	83	-3,2	-0,09	-3	90,5	2,55	81
1300-1400	25,3	63,2	2,50	79	-12,9	-0,51	-16	50,3	1,99	63
1245		3,95			-0,95			3,00		
1200-1300	27,6	64,6	2,34	74	-25,7	-0,93	-29	38,9	1,41	45
1100-1200	26,5	57,0	2,15	68	-37,1	-1,40	-44	19,9	0,75	24
1060		1,74			-1,80			0,06		
1000-1100	31,0	62,0	2,00	63	-59,2	-1,91	-60	2,8	0,09	3
900-1000	26,1	49,1	1,88	59	-64,5	-2,47	-78	-15,4	-0,59	-19
890		1,81			-2,79			-0,98		
800-900	22,7	39,5	1,74	55	-73,3	-3,23	-102	-33,8	-1,49	-47
700-800	15,9	21,5	1,35	43	-67,1	-4,22	-133	-45,6	-2,87	-91
695		0,73			-4,81			-4,10		
640-700	4,7	4,5	0,95	30	-23,6	-5,02	-159	-19,1	-4,07	-129
640-1800	248,8	549,9	2,21	70	-357,8	-1,44	-45	192,1	0,77	24




Mynd V-2. Línurit yfir afkomu Þjórsárjökuls í Hofsjökli 1992-1993.

Tafla V-3

Afkoma Blágnípujökuls í Hofsjökli 1992-1993

Jökull HOFSJÖKULL			Vatnsvið Jökulfall			Unnið af Oddi				
